



KFA

Jóhann Ragnar Benediktsson, formaður

Reykjavík, 26. júní 2024

Úrskurður: Atvik í og eftir leik Höttur/Huginn og KFA þann 13. júní 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 25. júní, var tekin fyrir greinargerð frá Hetti/Huginn vegna leiks Hattar/Huginn og KFA sem fram fór þann 13. júní sl. Með vísan til ákvæðis 6.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar aga- og úrskurðarnefnd m.a. um mál sem nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.

Með hliðsjón af greinargerð Hattar/Hugins, taldi aga- og úrskurðarnefnd að þau atvik sem lýst er í greinargerð kynnu að varða við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sbr. einnig grein 5.10. laga KSÍ. Leit nefndin svo á að atvik gætu varðað við 13. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Taldi nefndin því brýnt að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá KFA áður en málið yrði tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar þriðjudaginn 25. júní nk. Greinargerð Hattar/Hugins er eftirfarandi:

„[...]blysum sem stuðningsmenn KFA kveiktu á þegar leikurinn hjá okkur var í gær? Eða kemur það fram í skýrslu dómara?

Þau hreyttu í mig að það hefði þurft að vera gæslumenn á svæðinu, en við brugðumst við eftir að fyrstu blysu komu á loft og sendum mann til að stoppa þetta.

Það gerðist nokkrum sinnum á leiknum, gæslumaður reyndi að stoppa þetta í miðjum leik en fékk bara skammir og læti og endaði á að detta úr stúkunni með hnakkann í jörðina. Ætla ekki að segja að honum hafi verið ýtt, en það kom þarna maður aðvífandi sem stuggaði við honum þannig að hann missti fótana aftur fyrir sig.

[...]Einnig hentu þeir blysi inná nýtt gervigras Fellavallar þannig það brann (myndir í viðhengi).“

Með greinargerðinni fylgdu ljósmyndir af atvikum sem vitnað er til í greinargerð.

Niðurstaða:

Í samræmi við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sbr. einnig grein 5.10 laga KSÍ, skal sérhvert aðildarfélag bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ. Ber sérhvert aðildarfélag þannig hlutlæga ábyrgð á framkomu m.a. stuðningsmanna sinna og getur hlotið viðurlög í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og/eða lög KSÍ.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 25. júní lá fyrir greinargerð frá KFA vegna málsins sem barst nefndinni þann 24. júní. Í greinargerð félagsins er ekki hreyft andmælum við þeirri fullyrðingu í greinargerð Hattar/Hugins að stuðningsmenn KFA í leiknum hafi kveikt á blysum í stúkunni.

Að teknu tilliti til greinargerða beggja félaga og annarra fyrirbyggjandi gagna er það álit aga- og úrskurðarnefndar að framkoma áhorfenda KFA, er kveikt var á blysum í áhorfendastúku, hafi verið vítaverð og hættuleg öðrum áhorfendum á leiknum. Samkvæmt því fellur framkoma áhorfenda KFA undir grein 13.9.d) reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Með vísan til þessa hefur aga- og úrskurðarnefnd ákveðið að sekta KFA um kr. 50.000,-.

Hvað varðar aðra framkomu sem vitnað er til í greinargerðum beggja félaga, er það mat aga- og úrskurðarnefndar að ekki verði séð með nægilega skýrum hætti hvort áhorfendur hafi gerst brotlegir við ákvæði 13.9.d) reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Mun nefndin því ekki aðhafast frekar vegna þess.

Úrskurðarorð:

KFA skal sæta sekt samanlagt að upphæð kr. 50.000,- til KSÍ.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson